

2021

Árbók bílgreina

Hagtölur um íslenskar bílgreinar



BÍLGREINASAMBANDIÐ

Borgartúni 35

Sími: 568 1550

105 Reykjavík

www.bgs.is

ÁRBÓK BÍLGREINA 2021

Árbók bílgreina er fyrst og fremst ætluð þeim sem starfa innan bílgreina á Íslandi. Tilgangurinn er að veita þeim yfirlit yfir umhverfi greinarinnar og tölulegar upplýsingar sem fyrirtækin geta notað í ákvarðanatöku.

Árbók bílgreina 2021 - Hagtölur um íslenskar bílgreinar

Ritstjóri og ábyrgðamaður: Aron Valgeir Gunnlaugsson
Hönnun og uppsetning: Sigrún Ösp Sigurjónsdóttir

© 2021 Rannsóknasetur verslunarinnar og Bílgreinasambandið

Óheimilt er að afrita efni úr bókinni nema heimildar sé getið.

www.bgs.is

Reykjavík, maí 2021

Ávarp framkvæmdastjóra

Kæru félagsmenn,

Árbók bílgreina kemur nú út í áttunda sinn. Bókinni er ætlað að safna saman á einn vettvang efni sem tengist bílgreininni og er mikilvæg skýrsla sem styðjast má við, til dæmis í viðræðum við hagsmunaaðila og einnig fyrir okkur sem störfum í bílgreininni til upplýsingar um hvert við stefnum hverju sinni. Á landinu voru skráð 1066 fyrirtæki sem starfa í bílgreinum og þar voru 3.400 launþegar samkvæmt Hagstofu Íslands á síðasta ári og hefur þeim verið að fjölga á síðustu 10 árum.

Bílgreinasambandið eru samtök fyrirtækja í bílgreinum á Íslandi. Fyrirtækin sem eiga aðild að samtökunum eru rúmlega 110 talsins og starfsmenn þeirra nokkur þúsund. Rekstrarumhverfi fyrirtækja í bílgreininni verður sífellt flóknara sem leiðir til aukinna krafna félagsmanna. Á vegum Bílgreinasambandsins eru verkefni unnin sem stuðla að bættum gæðum og rekstrarumhverfi félagsmanna. Bílgreinasambandið hefur beitt sér fyrir aukinni þekkingu innan bílgreinarinnar, eflingu faglegra vinnubragða og að tryggja að viðhafðir séu réttmætir viðskiptahættir.

Síðasta ár hefur um margt verið bílgreininni erfitt. Minni bílasala, snjóléttur vetur og lítið um ferðamenn sem aka um landið okkar sem hefur leitt til minni aðsóknar inn á verkstæði. Því hefur verið mikilvægt að tryggja að svarta hagkerfið stækki ekki, eins og raunin var í síðustu niðurbylgju, og að einstaklingar leita til fagaðila með ökutæki sín í viðgerð sem starfa á verkstæðum. Var það fyrir tilstilli Bílgreinasambandsins að bílgreinin er þátttakandi í verkefninu „Allir vinna“ og hafa endurgreiðslubeiðnir vegna bílaviðgerða verið hátt í 18.000 frá því verkefnið hófst og yfir 333 milljónir króna hafa verið greiddar út.

Kröfur viðskiptavina okkar eru sífellt að aukast. Því hefur aldrei verið eins mikilvægt að viðskiptavinir okkar fái þjónustu menntaðra fagmanna, skjótar úrlausnir og faglega framkomu frá þeim sem starfa í bílgreininni. Bílgreinasambandið hefur unnið að nýrri gæðavottun fyrir verkstæði og fjölmargir aðilar hafa náð slíkri vottun og sinna gæðastarfi vel. Mikilvægt er að halda þessari vegferð áfram og fjölga enn frekar gæðavottuðum verkstæðum til að tryggja rétt og góð vinnubrögð.

Bílgreinasambandið gerir miklar kröfur til sinna félagsmanna enda á það að vera leiðarljós okkar sem störfum í bílgreininni að gera enn betur í þjónustu við okkar viðskiptavini og hafa það að metnaði að þróa vinnustaði okkar til hins betra.

En þó að við leggjum okkur ávallt fram um að gera sem best þá geta komið upp mál sem erfitt er að leysa. Á síðasta ári fékk Bílgreinasambandið til liðs við sig Félag íslenskra bifreiðaeiganda og stofnuðu félögin saman Úrskurðarnefnd bílgreina samkvæmt lögum um frjálsa úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Tekur sú nefnd til meðferðar og úrskurðar hvers konar kvartanir frá neytendum vegna kaupa á vöru og/eða þjónustu af fyrirtækjum innan Bílgreinasambandsins. Munu því mál okkar félagsmanna ekki lengur fara fyrir Lausafjár- og þjónustukaupanefnd, eins og hefur verið hingað til, heldur eru sérfræðingar á sviði bílgreinarinnar sem fara yfir og úrskurða í slíkum málum. Með þessu skrefi teljum við að faglegar niðurstöður í deilumálum er snúa að bílgreininni ættu að liggja fyrir og þar af leiðandi hagur okkar félagsmanna.

Endurnýjun í greininni er okkur sem störfum innan hennar gríðarlega mikilvæg. Hefur Bílgreinasambandið lagt metnað sinn í að efla menntun í bílgreinum styðja við skóla og forsvarsmenn þeirra en skyldur fyrirtækjanna í bílgreininni eru ekki minni. Fyrirtæki verða að sinna endurmenntun starfsmanna sinna vel, en endurmenntun er mikilvægur þáttur í því ört breytilega umhverfis sem bílgreinin er. En ekki er einungis breyting hröð á ökutækjunum heldur er einnig kynjahlutfall þeirra sem mennta sig í bílgreinum. Er því mikilvægt að markaðurinn undirbúi sig einnig fyrir þá fjölbreyttu flóru sem mun starfa í bílgreininni í framtíðinni.

Framundan eru spennandi tímar þar sem nýting einkabílsins mun aukast með tilkomu gervigreindar og deilikerfis. Nýir orkugjafar og betri nýting þeirra sem fyrir eru hefur dregið stórlega úr eldsneytisnotkun og mengun. Allt þetta mun gera bílinn enn áhugaverðari kost fyrir almenning í landinu. Hins vegar hefur verið sótt fast að bílnum og þá sér í lagi af skipulagsyfirvöldum í Reykjavík og umræðan hefur oft á tíðum verið óvægjin. Gert er ráð fyrir að árið 2040 verði notkun á Borgarlínu Framhald á næstu bls.

um 12% og þar af leiðandi er öruggt að bíllinn mun áfram gegna lykilhlutverki í ferðamáta almennings í landinu en einnig munu lykilgreinar þjóðfélagsins reiða sig á bílinn, svo sem ferðamennskan, þjónusta, verslun eða framleiðsla.

Síðasta ár hefur verið fyrirtækjum í landinu áskorun. En í hvert sinn sem maður fer í gegnum slíkan ólgusjó eins og þann sem fyrirtækin í landinu hafa verið að fara í gegnum vegna COVID-19 leynast tækifæri. Á tímum aðhalds og breytinga á umhverfi er þörf á að hugsa aftur þau ferli og vinnureglur sem unnið er eftir og finna ný tækifæri. Ég heyri það á okkar félagsmönnum að þrátt fyrir erfiðleika þá er engan bilbug þar að finna. Jákvæðni, gleði og vinnusemi einkennir þá sem í bílgreininni starfa en er það einmitt það aðdráttarafl sem heldur í okkur sem vinnum innan hennar.

Ég vil fyrir hönd Bílgreinasambandsins þakka Rannsóknasetri verslunarinnar fyrir góða vinnu við Árbók bílgreina sem er mikilvægt tæki í síbreytilegum rekstri bílgreina.

Góðar stundir.

María Jóna Magnúsdóttir



BÍLGREINASAMBANDIÐ

Umfang bílgreina

Kaflí 1.1 Hluttur bílgreina í landsframleiðslu hækkar lítillega

Hluttur bílgreina í landsframleiðslu hækkaði lítillega milli áraanna 2019 og 2020, ólíkt því sem gerðist í fyrra þegar hlutfallið fór niður í 1,3%. Sama hlutfall var 1,6% árið 2017. Er hlutdeildin í ár 1,4% sambærileg því sem hún var árin 2015 og 2018.

Efnahagslegar afleiðingar kórónuveirufaraldursins voru viðtækar á síðasta ári, sérstaklega í ferðapjónustu. Atvinnuleysi jókst mikið, hrun varð í komum ferðamanna til landsins og fyrirtæki í ferðapjónustu urðu fyrir tekjubresti. Afleiðingar af hruni í ferðapjónustunni hafði bein áhrif á bílgreinina með minni sölu ökutækja og viðgerðum og viðhaldi tengdu því.

Reiknað er með að hagkerfið taki við sér í ár, hagvöxtur verði 2,6% og þjóðarútgjöld aukist um 2,1%. Með aukningu ferðamanna má aftur búast við fjölgun í sölu nýrra bíla til bílaleiga og er sú aukning mögulega þegar farin að raungerast.




Heimild: Hagstofa Íslands

Kafl 1.2 Fyrirtækjum í bílaiðnaði fjölgaði um 20 milli ára

Fyrirtækjum í bílgreinum fjölgaði á milli árunum 2019 og 2020. Aukningin á milli ára var hlutfallslega 1,91% á árinu og voru fyrirtækin 20 fleiri en um áramótin 2019-2020. Mesta fjölgun á skráðum fyrirtækjum var í flokki þeirra sem sinna viðhaldi og viðgerðum bifreiða en það voru alls 685 fyrirtæki starfandi í þeim flokki árið 2020 samanborið við 666 árið áður. Þá fjölgaði bílasölum um 1,19% milli ára þegar 256 fyrirtæki voru skráð í þann flokk árið 2020 en á sama tíma fækkaði fyrirtækjum tengd starfsemi vélhjóla um þrjú.


Af starfandi fyrirtækjum í viðhaldi og viðgerðum voru 443 fyrirtæki skráð sem almenn bílaverkstæði samanborið við 433 árið 2019. Fjöldi fyrirtækja í flokki bílaréttinga og -sprautunar stóð í stað frá fyrra ári og voru 113 talsins. Í sölu vara- og aukahluta fjölgaði um eitt fyrirtæki milli ára og voru þau alls 108 undir lok árs 2020.



Kafl 1.3 Gjaldprotum fækkaði á milli ára

Árið 2020 var 27 fyrirtækjum í bílgreinum lýst gjaldþrota, tveimur færri en árið 2019. Hlutfallslega fækkaði gjaldþrotum um 6,9% á milli ára.


Brotið niður eftir gerð fyrirtækja, þá voru engin gjaldþrot skráð í flokkunum sala varahluta og aukabúnaðar og sölu, viðhaldi og viðgerðum vélhjóla á síðasta ári. Flest voru gjaldþrotin í flokki fyrirtækja í bílaviðgerðum og viðhaldi eða alls 19. Þá voru 8 gjaldþrot skráð í flokki bílasala. Voru því minni sviptingar en ætla mætti í kjölfar kórónuveiru faraldursins. En áhugavert verður að sjá hver þróunin verður næstu ár.



Heimild: Hagstofa Íslands

Kafli 1.4 Velta dregst áfram saman á milli ára

Velta fyrirtækja í bílgreinum dróst saman um 1,65% á milli ára en fram að árinu 2018 hafði verið samfelld veltuaukning frá árinu 2010. Heildarvelta ársins 2020 nam alls 144,6 milljörðum króna og lækkaði um 2,4 milljarða króna frá fyrra ári.




● Velta fyrirtækja í bílgreinum

Kafli 1.5 Aukning í innflutningi viðhaldsvara og varahluta

Innflutningur á varahlutum og viðhaldsvörum í heild jókst á milli ára og nam alls tæpum 13 milljörðum kr. árið 2020. Aukning á milli ára í prósentum var 6,88% og nam rúmum 830 milljónum króna. Samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands um innflutningsverðmæti eftir löndum.

Sé einungis horft til innflutnings á bílavarahlutum þá nam aukningin 313 milljón kr. eða 4,41%. Innflutningsverðmæti hjólbarða og smurolíu hækkaði einnig. Alls voru fluttir inn hjólbarðar fyrir 4,14 milljarða, 446,6 milljónum króna hærri fjárhæð en á síðasta ári. Innflutningsverðmæti á smurolíu hækkaði þá um 5,6% milli ára og nam 1,36 milljarði kr. Verðmæti innfluttra bílavarahluta nam 7,4 milljarði á árinu sem leið.




Heimild: Hagstofa Íslands

Kaflí 1.6 Tekjur vegna nýskráninga drógust saman um 18%


Skráningagjöld vegna nýskráninga bifreiða sem og eigendaskipta námu 356,8 m.kr. árið 2020 sem er 3,6% hærri fjárhæð en árið 2019. Tekjur ríkisins vegna eigendaskipta eingöngu jukust árið 2020 um 11,8% eða 29,5 milljónir á milli ára og námu á árinu 278,6 m.kr.

Aðra sögu er að segja af tekjum ríkisins vegna nýskráninga sem lækkuðu um tæp 18% milli ára eða um 17 milljónir. Tekjur ríkisins vegna nýskráninga námu um 78 milljónum króna á síðasta ári og hafa ekki verið lægri, á breytilegu verðlagi, síðan árið 2014.



Kaflí 1.7 Umferðaröryggisgjald nam 155 milljónum kr.


Í hvert sinn sem farið er með bifreið í ástandsskoðun, bifreið er nýskráð eða eigendaskipti eiga sér stað þarf að greiða umferðaröryggisgjald. Alls voru 155 milljónir kr. sem runnu í þann tekjustofn árið 2020. Fjölgun eigendaskipta á milli ára hefur mest áhrif til hækkunar.




Heimild: Samgöngustofa

Kafi 1.8 Vanrækslugjöld lækka milli ára

Vanrækslugjöld, sem lögð eru á bíleigendur sem trassa það að fara með bifreiðar sínar í ástandsskoðun á tilsettum tíma drógust saman milli áranna 2019 og 2020. Alls námu tekjur vegna vanrækslugjalda 343 m. kr. og lækkuðu að hlutfalli um 11,2% samanborið við árið á undan. Í krónum talið nam lækkunin 43 m. kr.




Tvennt getur að jafnaði skýrt lægri vanrækslugjöld: Annars vegar það að fleiri greiði sektina innan mánaðar frá álagningu, en þá er gefinn afsláttur af sektinni, eða hitt, að fleiri láti ástandsskoða bíla sína á réttum tíma. Hið síðarnefnda er auðvitað ódýrasta ráðið.



Heimild: Samgöngustofa

Kaflí 1.9 Tekjur af úrvinnslugjöldum hækkuðu um tæp 150%


Tekjur vegna bifreiða- og úrvinnslugjalda skiluðu rúmlega 7,6 milljörðum kr. í ríkissjóð árið 2020. Tekjurnar stóðu nánast í stað á milli ára, jukust um tæpt 0,1%. Tekjur ríkissjóðs vegna bifreiðagjalda hafa verið í stöðugum vexti en hlutfallsbreytingar milli ára hafa lækkað verulega frá árinu 2010. Tekjur vegna úrvinnslugjalda hækkuðu þó um tæp 150% á milli ára en úrvinnslugjaldið hækkaði á árinu, úr 700 kr. pr. bíl og upp í 1.800 kr. pr. bíl.



Heimild: Fjársýsla ríkisins og Úrvinnslusjóður

Kaflí 1.10 Tekjur af bensíni og díslolíu drógust saman um rúma 3,2 milljarða kr.


Tekjur ríkissjóðs af innheimtu vörugjalda af bensíni og olíu drógust saman um 13,7% milli ára eða 3.231 milljón króna. Skattar vegna olíugjalds drógust saman um 3,6% milli ára á meðan vörugjöld af bensíni dróst saman um 23,9% samanborið við fyrra ár. Alls námu tekjur vegna vörugjaldanna rúmum 20,3 milljörðum kr. Þar af voru vörugjöld bensíns tæpir 9 milljarðar og olíugjald rúmir 11,3 milljarðar kr.



Heimild: Fjársýsla ríkisins

Kaflí 1.11 Tekjur vegna vörugjalda dragast saman

Vörugjöld vegna innflutnings á nýjum bifreiðum námu tæpum 5,2 milljörðum kr. á síðasta ári og drógust saman um 17,9% á milli ára. Vörugjöld vegna ársins 2019 námu til samanburðar 6,3 milljörðum kr. Stóran hluta lækkunar milli ára má rekja til minni bílainnflutnings árið 2020 samanborið við árið 2019 en einnig hefur það áhrif að fleiri vistvænir og eyðslugrannir bílar eru fluttir inn, sem bera lægri vörugjöld vegna ívilnana stjórnvalda.



Heimild: Fjársýsla ríkisins


Bílaflotinn

Kaflí 2.1 Aftur fækkun í nýskráningum bifreiða

Mikil fækkun hefur orðið í nýskráningum bifreiða síðastliðin þrjú ár en hafa ber í huga að samdráttarskeiðið kemur í kjölfar tveggja metára í röð. Nýskráðar nýjar fólksbifreiðar árið 2020 voru alls 9.365 talsins sem var fækkun upp á 2.335 bíla. Hlutfallsleg fækkun milli ára var því 20%. Til viðbótar við það voru 1.237 nýskráðir notaðir fólksbílar á árinu sem leið og heildar nýskráningar því 10.602. Nýskráðum atvinnubifreiðum (sendi-, vöru- og hópbifreiðum) fækkaði um 30,5% milli ára og voru alls 1.233 slíkar bifreiðar skráðar 2020. Leita þarf aftur til ársins 2014 til að finna færri nýskráningar á einu ári.

- Nýskráðar sendibifreiðar voru 997 nýjar og 324 notaðar
- Nýskráðar hópbifreiðar voru 19 nýjar og 24 notaðar
- Nýskráðar vörubifreiðar voru 217 nýjar og 234 notaðar
- Nýskráðir fólksbílar 9.365 nýir og 1.237 notaðir

Bílaleigubílar á skrá í desember 2020 voru 18.211, þarf af voru 13.098 skráðir í umferð en 5.113 úr umferð. Árið á undan voru alls 23.680 bílaleigubílar á skrá, fækkaði skráðum bílaleigubílum því um 23,1% milli ára sem er umtalsvert meiri fækkun en árið á undan þegar fækkunina nam 5,6%. Þá voru umsóknir um nýskráningar bílaleigubíla 2.337 á árinu sem leið, borið saman við 5.554 beiðnir 2019.




Heimild: Samgöngustofa

Kaflí 2.2 Skráðum ökutækjum fjölga enn

Skráðum ökutækjum fjölga enn á milli ára, líkt og hefur verið allar götur síðan árið 2011.


Heildarfjöldi skráðra ökutækja nam alls 391.033 og hefur fjölgað um 92.335 síðan árið 2011. Á sama tíma fjölgaði fólki með búsetu á Íslandi um 50.340. Ökutækjum hefur því fjölgað næstum tvöfalt meira en einstaklingum með fasta búsetu hérlandis, en hefur þar ferðamannafjöldi á síðustu árum mikil áhrif. Fólksbílar á skrá við lok árs 2019 voru alls 269.615 stk. þar af voru 219.628 skráðir í umferð.



Kaflí 2.3 Íhaldssemi ræður ríkjum í litavali

Líkt og tíðrætt hefur verið í fyrri Árbókum eru íslenskir bifreiðakaupendur ekki mikið fyrir að hrista upp í hlutunum þegar kemur að litavali. Gráir og hvítir bílar drottna enn yfir öðrum litum þegar kemur að nýjum bílakaupum. Þessu til marks, þá var helmingsfækkun á bleikum nýskráðum bílum en aðeins einn slíkur var skráður á síðasta ári.

Á árinu 2020 voru alls skráðir 4.234 gráir bílar, 26,6% allra nýskráðra fólksbíla. Hvítir bílar voru 23,4% allra nýskráðra bíla eða 3.736 bílar. Þriðji vinsælasti liturinn á síðasta ári voru svartir bílar, alls 1.257 (7,9%) þar á eftir komu rauðir bílar og voru nýskráðir 874 í fyrra. Þá voru 768 bláir bílar skráðir eða 4,8% allra nýskráðra.




Heimild: Samgöngustofa

Kaflí 2.4 Nýskráningar eftir landshlutum

Nýskráðir bílar árið 2020 voru langflestir á Höfuðborgarsvæðinu eða alls 8.514 bílar samanborið við 10.747 bíla árið 2019, samdráttur í nýskráningum milli ára á Höfuðborgarsvæðinu nam rúmlega 20%. Það er annað árið í röð þar sem samdrátturinn fer yfir 20%. Næst flestar nýskráningar voru á Norðurland eystra en þar voru nýskráðir 1.309 bílar samanborið við 1.973 bíla á árinu 2019. Nýskráningar á Norðurlandi eystra drógust saman um 33,7%. Á Suðurnesjum voru nýskráðar bifreiðar 910 og drógust nýskráningar þar saman um rúm 45%. Mestur samdráttur í nýskráningum bíla á árinu sem leið var á Austurlandi en þar nam samdrátturinn 46,5%. 199 bílar voru nýskráðir á Austurlandi árið 2020. Aukning var í nýskráningum á Suðurlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum. Hlutfallslega mest aukning var á Suðurlandi en þar var hún 5,7% á milli ára.

Með því að líta til höfðatölu var mestur fjöldi nýrra bíla á hverja 1.000 íbúa skráður á Norðurlandi eystra þar sem 42 nýir bílar voru skráðir á hverja 1.000 íbúa. Höfuðborgarsvæðið kemur þar næst þar sem 36 bílar voru skráðir á hverja 1.000 íbúa. Minnst var nýskráning 17 á hverja þúsund íbúa á Norðurlandi vestra.




Heimild: Hagstofa Íslands og Samgöngustofa

Kafi 2.5 Meðalaldur skráðra bifreiða hækkaði á milli ára


Meðalaldur fólksbíla lækkaði lítillega á milli ára og fór úr 12,7 árum í 12,6 ár. Meðalaldur annarra skráðra bifreiða hækkaði hins vegar úr 12,68 árum í 14,8 ár.

Sé litið einungis á fólksbíla sem skráðir eru í notkun er meðalaldurinn um 10,1 samanborið við 9,86 í fyrra og hækkaði meðalaldurinn fólksbíla því á milli ára.

Fólksbílar í hópi 0 - 5 ára eru fjölmennasti hópur bifreiða á listanum en samkvæmt gögnum Samgöngustofu voru 87.239 bílar skráðir í því aldersbili. Fækkaði þó í þeim hópi frá fyrra ári um 5.052 bifreiðar. Þá var nokkur fjölgun á bifreiðum í elsta aldersflokknun milli ára en alls eru 48.040 bílar skráðir í þann flokk.



Aldursdreifing bílaflotans




Heimild: Samgöngustofa

Kafl 2.6 Mikil fækkun umferðarslysa

Færri slys og óhöpp voru skráð árið 2020 samanborið við fyrra ár eða alls 5.505 slys og óhöpp miðað við skráningu Samgöngustofu. Alls fækkaði slysum og óhöppum um 1114 frá fyrra ári en árið 2019 voru þau alls 6.619 talsins. Hlutfallsleg fækkun milli ára var 16,83%, samanborið við árið 2019.

Á árinu sem leið voru sjö banaslys í umferðinni en í þeim slysum voru átta einstaklingur sem létu lífið. Til samanburðar létust sex manns í sex banaslysum árið 2019.




Heimild: Samgöngustofa

Ökutæki og umhverfið

Kafli 3.1 Jarðefnaeldsneyti lækkaði á síðasta ári

Verð á eldsneyti fór lækkandi á síðasta ári og hefur verð á hráolíu og eldsneyti í sjálfsafgreiðslu ekki verið lægra síðan árið 2016. En eldsneytisverð hafði farið stöðugt hækkandi frá árinu 2016-2019. Eftir mikla hlutfallslega hækkun á milli áranna 2017 og 2018 dró þó úr verðhækkunum og breyttist verðið lítið á milli áranna 2018-2019. Áhrif kórónuveirufaraldursins eru sögð hafa haft áhrif á framleiðslu auk þess sem minni eftirspurn eftir eldsneyti hefur leitt til lækkunar á verði.

Verð á hráolíu lækkaði um alls 28% á milli áranna 2019 og 2020. Um er að ræða gengisleiðrétt verð á tunnu sem byggir á vísitöluútreikningi RSV. Á sama tíma lækkaði verð á bensíni í sjálfsafgreiðslu um 5,4% að meðaltali og dísel um 4,7% að meðaltali.



Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Gasvaktin.is, Thomson Reuters


Útreikningar: Rannsóknasetur verslunarinnar

Kaflí 3.2 Notkun bensíns dróst saman um 22%

Endurnýjanlegir orkugjafar verða sífellt aðgengilegri valkostur fyrir neytendur þegar kemur að vali á bílum. Útlit er fyrir að orkuskipti séu að verða að veruleika en það tekur þó einhvern tíma í viðbót að umbylta orkunotkun. Jarðefnaeldsneyti er enn í miklum meirihluta.

Samdráttur var í bruna á jarðefnaeldsneyti bílaflotans á milli ára. Heildar jarðefnaeldsneytisnotkun nam 293.336 tonnum, þar af 93.241 tonn af bensíni og 200.095 tonn af dísilolíu, samanborið við 342.347 tonn á árinu 2019. Notkun bensíns dróst saman um 25.503 tonn á milli ára eða um 21,5% en notkun á dísilolíu dróst saman um 23.508 tonn eða um 10,5%.

Samdráttur var í notkun á vetni, metan og lífdísil á meðan notkun etanóls jókst um rúm 50%, úr 6.241 tonnum í 9.400 tonn. Notkun bílaflotans á raforku jókst um tæp 26% frá 2019 og 216,8% ef notkunin 2020 er borin saman við notkunina 2017.



Heimild: Orkustofnun


Kaflí 3.3 Hlutdeild bíla í heildarlosun koltvíoxíðs eykst lítillega á milli ára en útblástur minnkar

Samkvæmt nýjustu gögnum Umhverfisstofnunarinnar, sem lágu fyrir við gerð árbókarinnar, var hlutur bíla í losun koltvíoxíðs 24,54% af heildarlosun ársins 2019 sem er örlítill aukning frá árinu á undan þegar hlutur bíla í losun koltvíoxíðs var 24,4% af heildarlosun. Alls losuðu bifreiðar um 952 tonn af koltvíoxíði en útblásturinn dróst saman um tæp 2% á milli ára 2018 og 2019.

Íðnaður og orkuvinnsla er áfram sá liður sem losar mest af koltvíoxíð út í andrúmsloftið og þar sá flokkur ábyrgð á losun 2.224 tonna eða alls 57,34% af heildarútbæstri. Útblástur af rekstri fiskiskipa átti 522 tonn af útblæstri ársins 2019, alls 13,46% af heildarlosun.

Hafa skal í huga að þegar kemur að útblæstri er ekki tekið mið af flugsamgöngum, rekstri gámaskipa né heldur framræstu votlendi.

Heimild: Umhverfisstofnun




Kafli 3.4 Útblástursgildi nýskráðra bifreiða eykst

Útblástursgildi nýskráðra bifreiða árið 2020 jókst samanborið við fyrra ár. Alls losuðu nýjar bifreiðar um 132,75 gr. koltvíoxíðs á hvern ekinn kílómetra, 2,73% meira en árið 2019. Aukningin kemur á óvart þar sem undanfarin ár hefur ríkari áhersla verið á að velja umhverfisvænni kosti. Þetta kann að koma spáskt fyrir sjónir en þrátt fyrir aukningu á bifreiðum sem ganga fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum má ekki gleyma að vörubifreiðar og hópferðabílar menga töluvert meira en hinn almenni fólksbíll. Þegar horft er eingöngu til nýskráðra nýrra fólksbíla þá er útblástursgildi þeirra að meðaltali 81,09 gr. miðað við Evrópsku aksturslotuna (NEDC) og 95,44 gr. miðað við Samræmdu prófunaraðferðina (WLTP).

Jafnframt eru bifreiðar sem ganga fyrir dísel og bensíni enn í dag söluhærri en bifreiðar sem ganga fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum. Að meðaltali geta útblástursgildi því aukist á milli ára þrátt fyrir ríkari áherslu neytenda á að velja umhverfisvænni kosti.

Á milli árána 2019 og 2020 lækkaði hlutfall þeirra nýskráðu bifreiða sem ganga einungis jarðefnaeldsneyti, árið 2020 gengu 71,8% nýskráðra bíla fyrir dísel olíu eða bensíni samanborið við 90,9% árið 2018. Árið 2020 var hlutfall nýskráðra bíla sem einungis ganga fyrir öðrum eldsneytisgjöfum en jarðefnaeldsneyti 28,2% samanborið við 13,9% árið 2019.




Heimild: Orkusetur

Kafli 3.5 Rafmagnsbílar vinsælasti kostur fólksbifreiða

Rafmagnsbílar hafa verið að sækja hratt í sig veðrið síðastliðin ár og eru þeir nú vinsælasti kostur fólksbifreiða. Jókst sala á slíkum bílum hlutfallslega mest af fólksbifreiðum, alls voru 156,4% fleiri rafbílar seldir hér á landi en árið áður. Árið 2019 voru seldir 919 rafbílar, en voru þeir 2.356 á síðasta ári. Nýskráðir tengiltvinnbílar voru 1.853 á síðasta ári en nýskráning þeirra jókst um 53,3% milli ára. Árið 2019 seldust til samanburðar 1213 tengiltvinnbílar.

Metanbílar hafa selst í afar litlu magni síðastliðin ár og dróst skráning þeirra saman um 34% á milli ára. Einungis voru seldir 35 nýir metanbílar á síðasta ári og hafa þá um 1.581 nýir metanbílar verið skráðir hér á landi frá árinu 2010.




Heimild: Bílgreinasambandið og Samgöngustofa

Kaflí 3.6 Rafhleðslustöðvum fjölgar

Áframhaldandi uppbygging á innviðum til þess að mæta aukinni þörf rafhleðslu heldur áfram. Nú er svo komið að á hringveginum má finna fjölda stöðva frá ýmsum aðilum. Orka Náttúrunnar og Ísorka eru með flestar stöðvar hringinn í kringum landið líkt og í fyrra. Bændur sem hafa tekið þátt í átakinu Hleðsla í hlaði hafa einnig sett upp hleðslustöðvar sem og fjölmörg fyrirtæki og stofnanir sem eru farin að bjóða upp á hleðslustöðvar fyrir starfsmenn og viðskiptavini.

Í lok árs 2019 voru samtals 140 hraðhleðslustöðvar komnar í gagnið, undir merkjum Orku Náttúrunnar, Ísorku og Hleðslu í hlaði. Aukning á nýjum hleðslustöðvum áður nefndra aðila var 25,7% á milli ára og voru 176 hleðslustöðvar í rekstri við lok árs 2020.

Samkvæmt vefsíðunni PlugShare, má finna allt að 298 rafhleðslustöðvar á Íslandi sem opnar eru almenningi. Ekki er þó fullvíst með afköst og hraða þeirra stöðva sem þar eru tíundaðar. Þá geta slíkar stöðvar verið háðar opnunartíma eða kaupum annarra afurða þeirra fyrirtækja sem halda úti þjónustunni. Hvað sem því líður hafa innviðir fyrir þá sem vilja aka um landið á rafbílum stórbatnað undanfarin misseri.




● Fjöldi opinberra rafhleðslustöðva

Heimild: Orka náttúrunnar, Ísorka, Bændur í hlaði og PlugShare

Kaflí 3.7 Minni umferðapungi

Fjöldi ferðamanna sem hefur heimsótt Ísland undanfarin ár hefur átt stóran þátt í mikilli aukningu umferðar hér á landi. Frá árinu 2005 til 2019 jókst umferð um alls 60,4% um hringvegin samkvæmt vísitölu umferðar á 16 lykil teljurum Vegagerðarinnar. Árið 2019 var umferð rúmlega helmingi meiri en árin 2012 og 2013.

Hrun varð í komum ferðamanna til landsins á síðasta ári vegna afleiðinga kórónuveirufaraldursins sem hafði áhrif til minnkunar á umferðarpunga. Samhliða varð veruleg aukning á einstaklingum sem sinntu störfum sína í ríkari mæli í heimahúsi á liðnu ári. Á árinu 2019 jókst umferð um 2,4% milli ára, þrátt fyrir fækkun erlendra ferðamanna, en árið 2020 kom fram minnkun á umferðarpunga sem nemur um 13,6% samanborið við árið á undan. Þrátt fyrir að margir Íslendingar hafi ferðast innanlands síðasta sumar, þá dró verulega úr umferðapunganum miðað við árin á undan.



● Vísitala umferðarpunga

Heimild: Vegagerðin


Starfsumhverfi bílgreina

Kaflí 4.1 Regluleg heildarlaun starfsstétta í bílgreinum

Áskorun reynist að fanga hagtölur um laun þess hóps sem starfar við bílgreinar. Ástæða þess er að þau sem starfa innan geirans sinna ýmsum störfum t.d. á verkstæðum, við sölumennsku, skrifstofustörfum og við stjórnun og rekstur auk þess sem atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands setur heild- og smásöluverslun almennt og viðgerðir á vélknúnum ökutækjum saman í atvinnugreinaflokk G.


Árið 2020 var miðgildi reglulegra heildarlauna sérhæfðs iðnverkafólks, í atvinnugreinaflokk G, 629 þús. kr. á mánuði og miðgildi reglulegra heildarlauna iðnaðarmanna 637 þús. kr. á mánuði, skv. gögnum um laun eftir atvinnugrein, starfsstétt og kyni frá Hagstofu Íslands. Til samanburðar við 599 þús. kr. sérhæfðs iðnverkafólks á mánuði árið 2019 og 635 þús. kr. hjá iðnaðarmönnum í atvinnugreinaflokk bílgreina og verslunar, G. Regluleg heildarlaun eru regluleg laun að viðbættum launum fyrir mælda yfirvinnu.

Alls nam hækkunin, á milli ára, 5% fyrir sérhæft iðnverkafólk en 0,3% fyrir iðnaðarmenn.



Heimild: Hagstofa Íslands

Meðaltal heildarlauna í sölu og viðgerðum á bílum ásamt 25% og 75% mörkum




Heimild: Launarannsókn VR

Önnur leið til að meta laun þess hóps sem starfar við bílgreinar er að skoða launarannsókn VR. Heildarlaun starfsmanna við sölu og viðgerðir bifreiða voru að meðaltali 741 pús. kr. á mánuði samkvæmt launarannsókn VR í september 2020. Samkvæmt rannsókninni hafði helmingur starfsfólks tekjur á bilinu 593 til 818 pús. kr. á mánuði árið 2020 (fyrstu og þriðju fjórðungsmörk). Miðað við það hafði fjórðungur starfsmanna lægri tekjur en 593 pús. kr. á mánuði og fjórðungur hafði hærri laun en 818 pús. kr. á mánuði.

Kafli 4.2 Tvö hundruð færri starfandi í bílgreinum árið 2020

Samkvæmt Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands, fækkaði störfum í bílgreinum um 200 á milli ára. Undir lok árs 2020 voru 3.400 einstaklingar við störf í greininni, 5,5% færri en árinu á undan. Starfandi í bílgreininni voru 1,7% alls vinnuafls í landinu árið 2020, en sama hlutfall var 1,8% árið 2019. Samhliða fækkun starfandi fækkaði heildarfjöldi unnina stunda milli árána 2019 og 2020 um 8,8%.




Heimild: Hagstofa Íslands

Kafl 4.3 Mikil aukning nemenda í bílamálun

Fjölgun var á nemendum í bílgreinum þriðja árið í röð, alls voru 300 einstaklingar í námi í bílgreinum árið 2019, þar af voru 258 karlar og 42 konur.


Flestir voru nemendur í bifvélavirkjun, 132 einstaklingar, tveim nemendum færri en árið 2018. Næst fjölmennasti hópurinn voru nemendur í grunnnámi bíliðna eða 85 talsins. Nemendum þar fækkaði um 10 einstaklinga milli ára. Í bifreiðasmíði voru 36 nemendur skráðir í nám aukning um tvo milli ára. Þá voru 47 nemendur í bílamálun, fjölgaði nemum í þeirri námsgrein um alls 14 milli áranna 2018 og 2019.



Heimild: Hagstofa Íslands

Kafl 4.4 Fjöldi útskrifaðra sveina rétt yfir meðaltali

Alls voru 55 einstaklingar sem útskrifuðust með sveinsbréf í bíliðngreinum árið 2020, fimm fleiri en árið á undan. Fjölmennasti hópur nýsveina var í bifvélavirkjun og voru alls 25 einstaklingar sem luku prófi. Þá voru 20 sem útskrifuðust úr bílamálun og 10 nýsveinar komu úr bifreiðasmíði. Meðaltal útskrifaðra sveina á tímabilinu 2008-2020 er rétt rúmlega 49 nemendur. Er heildarfjöldi nýsveina því rétt yfir meðaltali tímabilsins.



Heimild: Iðan fræðslusetur

Aðildarfélög Bílgreinasambandsins

Nafn	Heimilisfang	Staður
100 bílar ehf	Pverholti 6	270 Mosfellsbær
AB Skálinn ehf.	Gagnheiði 11a	800 Selfoss
AB varahlutir ehf.	Funahöfða 9	110 Reykjavík
Almenna bílaverkstæðið ehf.	Skeifunni 5	108 Reykjavík
ALP/GÁK ehf	Skemmuvegi 20	200 Kópavogur
Armur ehf	Skeifunni 5	108 Reykjavík
Betri bílar ehf.	Skeifunni 5c	108 Reykjavík
BHS ehf	Fossbrún 2	621 Dalvík
Bifreiðastillingin ehf.	Smiðjuvegi 40d	200 Kópavogur
Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins ehf.	Fjölnisgötu 2a	603 Akureyri
Bifreiðaverkstæði Björns Pálmasonar ehf.	Smiðjuvegi 40	200 Kópavogur
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf.	Smiðjuvegi 22	200 Kópavogur
Bifreiðaverkstæði Guðjóns	Hafnargata 57	415 Bolungarvík
Bifreiðaverkstæði Jónasar ehf	Skemmuvegi 46	200 Kópavogur
Bifreiðaverkstæði Mosfellsbæjar	Flugumýri 2	270 Mosfellsbær
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur ehf	Bæjarflöt 13	112 Reykjavík
Bifreiðaverkstæði Sigursteins ehf	Selnesi 28-30	760 Breiðdalsvík
Bifreiðaverkstæðið Kistufell ehf.	Tangarhöfða 13	110 Reykjavík
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf	Hrísmýri 3	800 Selfoss
Bifreiðaverkstæðið Stimpill ehf	Akralind 9	201 Kópavogur
Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf	Skemmuvegi 34	200 Kópavogur
Bifvélavirkinn ehf.	Norðurhelli 8	221 Hafnarfjörður
Bílabankinn ehf.	Eirhöfða 11	110 Reykjavík
Bílabúð Benna ehf.	Krókhálsi 9	110 Reykjavík

Aðildarfélög Bílgreinasambandsins

Nafn	Heimilisfang	Staður
Bílageirinn	Grófin 14a	230 Reykjanesbær
Bílahöllin-Bílaryðvörn hf.	Bíldshöfða 5	110 Reykjavík
Bílaleiga Húsavíkur ehf	Garðarsbraut 66	640 Húsavík
Bílalind ehf.	Funahöfða 1	110 Reykjavík
Bílalökkun Kópsson ehf	Völuteigur 11	270 Mosfellsbær
Bílamálun Egilsstöðum ehf	Fagradalsbraut 21-23	700 Egilsstaðir
Bílamálun Pálmars ehf	Vagnhöfða 20	110 Reykjavík
Bílamálunin Varmi ehf	Auðbrekku 14	200 Kópavogur
Bíламиðstöðin ehf.	Þórðarhöfða 4	110 Reykjavík
Bílar Malarhöfða ehf.	Malarhöfða 2	110 Reykjavík
Bílar og tjón ehf.	Skemmuvegi 44m	200 Kópavogur
Bílar og vélar ehf.	Hafnarbyggð 14a	690 Vopnafjörður
Bílaréttingar Magga Jóns	Iðavöllum 11	230 Reykjanesbær
Bílaréttingar Sævars	Skútuvogi 12h	104 Reykjavík
Bílasala Selfoss ehf.	Hrísmýri 3	800 Selfoss
Bílaspítalinn ehf	Kaplahraun. 1	220 Hafnarfjörður
Bílaþjónusta Péturs ehf.	Vallholti 17	800 Selfoss
Bílaþjónustan Hellu ehf	Dynskálum 24	850 Hella
Bílaumboðið Askja ehf.	Krókhálsi 11	110 Reykjavík
Bílaver ÁK ehf.	Iðavellir 9c	230 Reykjanesbær
Bílaverkstæði Austurlands ehf	Miðási 2	700 Egilsstaðir
Bílaverkstæði Einars Þórs	Bæjarflöt 8	112 Reykjavík
Bílaverkstæði Ella	Eiðistorgi 7	170 Seltjarnarnes
Bílaverkstæði Sigurlaugs Baldurssonar ehf.	Sindragötu 3	400 Ísafjörður

Aðildarfélag Bilgreinasambandsins

Nafn	Heimilisfang	Staður
Bílaverkstæðið Bragginn sf.	Flötum 20	900 Vestmannaeyjar
Bílaverkstæðið Rauðalæk ehf	Lækjarbraut 4	851 Hella
Bílaverkstæðið Smur og Dekk ehf.	Aðalstræti 3	450 Patreksfjörður
Bílbót ehf	Bolafæti 3	260 Reykjanesbær
Bíley ehf.	Leiruvogi 6	730 Reyðarfjörður
Bílhúsið ehf	Smiðjuvegi 60	200 Kópavogur
Bíljöfur	Smiðjuvegur 34	200 Kópavogur
Bílnet ehf	Fitjabraut 30	260 Reykjanesbær
Bílson ehf.	Kletthálsi 9	110 Reykjavík
Bílverk BÁ ehf.	Gagnheiði 3	800 Selfoss
Bílvogur ehf.	Auðbrekku 17	200 Kópavogur
BL ehf.	Sævarhöfða 2	110 Reykjavík
Bliki Bílaréttingar og bílamálun	Smiðjuvegur 38E	200 Kópavogur
BRA ehf.	Auðbrekku 27	200 Kópavogur
Bretti Réttingarverkstæði ehf.	Smiðjuvegi 6c	200 Kópavogur
Brimborg ehf.	Bíldshöfða 6	110 Reykjavík
CAR-MED ehf	Dalvegi 24	201 Kópavogur
Dekk og smur ehf.	Nesvegi 5	340 Stykkishólmur
E.T. ehf	Klettagörðum 11	104 Reykjavík
Framrás ehf.	Smiðjuvegi 17	870 Vík
Frumherji hf.	Parabakka 3	109 Reykjavík
FYRR ehf.	Norðurhelli 8	221 Hafnarfjörður
GB Tjónaviðgerðir	Draghálsi 6-8	110 Reykjavík
Glitur ehf.	Suðurlandsbraut 16	108 Reykjavík

Aðildarfélög Bílgreinasambandsins

Nafn	Heimilisfang	Staður
Hjólbarðapjónusta Reykjaness ehf. (Smur- og hjólbarðapjónustan ehf)	Framnesvegi 23	230 Reykjanesbær
Hjörtur Bragason ehf.	Smiðjuvegi 56	200 Kópavogur
Höfðahöllin ehf.	Hlíðarhjalla 50	200 Kópavogur
Höldur ehf.	Pósthólf 10	602 Akureyri
Íslensk-bandaríska ehf.	Pverholti 6	270 Mosfellsbær
Jeppapjónustan Breytir ehf	Stórhöfði 35	110 Reykjavík
Kaupfélag Skagfirðinga (svf.)	Ártorgi 1	550 Sauðárkrókur
Kraftbílar ehf.	Lækjarvöllum 3-5	601 Akureyri
Krókur ehf.	Vesturhrauni 5	210 Garðabæ
Kvikk ehf.	Vagnhöfða 5	110 Reykjavík
Lakkhúsið ehf.	Smiðjuvegi 48	200 Kópavogur
Lakskemman ehf	Skemmuvegi 30	200 Kópavogur
Litla bílasalan ehf	Eirhöfða 11	110 Reykjavík
Málningarvörur ehf	Lágmúla 9	108 Reykjavík
Mótorhaus ehf.	Langanesvegi 14	680 Þórshöfn
N1	Dalvegi 10-14	201 Kópavogur
Nethamar ehf.	Flötum 31	900 Vestmannaeyjar
Ný-sprautun ehf	Njarðarbraut 15	260 Reykjanesbær
Ökumælar ehf.	Viðarhöfða 6	110 Reykjavík
Rétt sprautun ehf.	Smiðjuvöllum 6	230 Reykjanesbær
Réttingarverkstæði Sveins ehf	Eyrargötu 11	740 Neskaupsstaður
Réttingapjónustan ehf.	Smiðjuvegi 40	200 Kópavogur
Réttingaverkstæði Jóns B. ehf.	Flugumýri 2	270 Mosfellsbær
RVR ehf.	Steinhellu 17b	221 Hafnarfjörður

Aðildarfélög Bílgreinasambandsins

Nafn	Heimilisfang	Staður
RVR ehf.	Steinhellu 17b	221 Hafnarfjörður
S.B.J. réttningar ehf	Kaplahrauni 12	220 Hafnarfjörður
Smurstöðin Fosshálsi 1 ehf.	Fosshálsi 1	110 Reykjavík
Sprautu og bifreiðaverkstæði Borgarness sf.	Sólbakka 5	0 Borgarnes
Stilling hf	Kletthálsi 5	110 Reykjavík
Stóra Bílasalan ehf.	Kletthálsi 2	110 Reykjavík
Stórholt ehf	Baldursnesi 1	603 Akureyri
Suzuki-bílar hf	Skeifunni 17	108 Reykjavík
Technik þjónusta og sala ehf	Hyrjarhöfða 5	110 Reykjavík
Transporter ehf.	Grasarima 12	112 Reykjavík
Vegagerðin	Borgartúni 5-7	105 Reykjavík
Vélabær ehf.	Bæ	311 Borgarnes
Vélastilling SF	Auðbrekka 19	200 Kópavogur
Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar ehf	Búlandi 1	530 Hvammstangi
Vélsmiðja Grindavíkur ehf.	Seljabót 3	240 Grindavík
Víkurvagnar ehf.	Álftamýri 34	108 Reykjavík